



SEEDS - Sjálfbær og umhverfis landið

Grettisgata 3a

101 Reykjavík

Ísland

www.seeds.is

seeds@seeds.is

Phone: +354-7713300

SEEDS kynnir spennandi verkefni í **Bern í Sviss!**

Hefur þú áhuga á að ferðast, kynnast nýju fólki og annari menningu á skemmtilegan og uppbyggilegan hátt?

SEEDS mun senda tvö Íslendinga á aldrinum 18-30 ára til þátttöku í ungmennaskiptunum „**Theatre, Arts and Dance - An Exciting Way To Cross Borders**” sem mun fara fram í borginni Bern í Sviss.

Hefur þú áhuga á að taka þátt?

Hvenær: 25.07. - 11.08.2013

Umsóknarfrestur: Til miðnættis mánudaginn 27 maí, 2013.

Þema og markmið ungmennaskiptanna:

Samtökin Junge Bühne Bern og SCI (Service Civil International) hafa í sameiningu skipulagt leiklistarverkefni fyrir börn sem búa á flóttamannahælum í Bern og leiða þau saman við þýskumælandi börn í borginni. Markmið verkefnisins er að stuðla að jákvæðum samskiptum milli barnanna og aðstoða þau við að leggja grundvöll að vináttu þar sem bæði geta lært af hvort öðru. Verkefninu er ætlað að stuðla að bættri þýskukunnáttu meðal barna flóttamanna og notar til þess blöndu af spunaleikritnum, dansi og leikjum.

Í fyrstu viku verkefnisins munu þátttakendur fá kynningu á málefnum tengdum fólksflutningum, spunaleikritnum og skapandi starfi með börnum. Í annari viku munu þeir skipuleggja verkefni fyrir börnun í samstarfi við leikhúsfræðing. Þátttakendur munu kynna verkefnið fyrir um 24 börnum á aldrinum 9-16 ára sem munu taka virkan þátt í síðari hluta verkefnisins. Þátttakendur munu aðstoða börnin að komast til verkefnisins og heimsækja þau þá í flóttamannahæli í borginni, aðstoða þau í verkefninu og líta eftir þeim í hléum. Þeir munu einnig taka virkan þátt í leiklistarverkefninu, styðja börnin og hvetja þau áfram.

Við lok annarar viku verkefnisins, á laugardagskvöldi, munu þátttakendur taka þátt í að kynna verkefnið og börnin munu sýna afrakstur verkefnisins.

Nánari upplýsingar um verkefni Junge Bühne Bern og myndir frá fyrri verkefnum er að finna á

www.theaterflucht.ch

Tungumál verkefnisins: Ungmennaskiptin munu fara fram á þýsku og þátttakendur þurfa að hafa gott vald á talaðri þýsku. Þátttakendur gætu verið beðnir um að eiga Skype fund með skipuleggjendum verkefnisins til að sýna fram á þekkingu sína á tungumálinu.

Þáttökulönd auk Íslands: Búlgaría, Finnland, Þýskaland, Ítalía, Móldóva, Pólland, Serbía, Spánn og Úkraína.

Fjöldi þátttakenda: 2 þátttakendur frá hverju landi á aldrinum 18-30 ára.

Aðstaða: Þátttakendum verður raðað niður á herbergi við komu í húsnæði í grennd við höfuðstöðvar skipuleggjenda verkefnisins, Junge Bühne Bern. Einungis verður boðið upp á grænmetisfæði á meðan verkefninu stendur.



SEEDS - Sjálfbær og umhverfis landið

Grettisgata 3a

101 Reykjavík

Ísland

www.seeds.is

seeds@seeds.is

Phone: +354-7713300

Skilyrði til þátttöku:

- Áhugi á að taka þátt í verkefnum þar sem stuðst er við óformlega kennsluhætti.
- Áhugi á málefnum sem tengjast fólksflutningum og fjölmenningu. Leitað er að ábyrgðarfullum einstaklingum sem geta unnið með börnum á skapandi hátt.
- Gott vald á talaðri þýsku og hæfileiki til að nota tungumálið við vinnu.
- Áhugi á að deila reynslu sinni og lærdómi verkefnisins með SEEDS eftir heimkomu.
- Þátttakendur skuldbinda sig til að vera virkir þátttakendur í verkefninu frá upphafi þess til loka.

Kostnaður: SEEDS hefur hlotið styrk til þátttöku í verkefninu frá Youth in Action, ungmennaáæltun Evrópusambandsins. Þátttakendum mun því verða séð fyrir fæði og húsnæði á meðan á verkefninu stendur.

Þátttakendur munu að auki fá 90% af ferðakostnaði vegna ungmennaskiptanna endurgreiddan eftir heimkomu, þó að hámarki 810€ (Evrur) fyrir hvern þátttakanda, þegar öllum ferðagögnum hefur verið skilað til SEEDS og greiðsla hefur borist frá landskrifstofu Evrópusambandsins í því landi sem ferðast var til. Þátttakendur munu einnig fá smá vasapening sem nýtist m.a. við samgöngur.

Þeir umsækjendur sem valdir verða til þátttöku greiða umsýslu- og staðfestingargjald SEEDS sem er 30.000 kr.. Þeir sem ekki verða valdir að þessu sinni greiða ekkert gjald.

Gjaldið fæst ekki endurgreitt, jafnvel þó þátttakandi þurfi að hætta við ferðina.

Umsóknareyðublað fyrir ungmennaskiptin er að finna á:

<http://www.seeds.is/files/SEEDS-umsoknarform.doc>

Áhugasamir eru beðnir um að fylla eyðublaðið út á ensku og senda það á outgoing@seeds.is fyrir **27. maí 2013**. Hafið í huga að þegar okkur berast margar umsóknir skiptir innihald umsóknarinnar miklu máli við val þá þátttakendum.

Nánari upplýsingar um verkefnið veitir Unnur Silfá Eyfells, verkefnastjóri hjá SEEDS á netfanginu outgoing@seeds.is eða í síma 845 0766.

Upplýsingar um SEEDS og starfsemi samtakanna er að finna á heimasíðu okkar, www.seeds.is